

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Tilvísun ríkissaksóknara: 202302-0197

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um lögreglulög (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), 535. mál.

Ríkissaksóknari gerir ekki athugasemdir við þær breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996 sem lagðar eru til í frumvarpinu. Ríkissaksóknari telur hins vegar rétt að gerð verði sú breyting á b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga að það verði ekki lengur hlutverk ríkislögreglustjóra að starfrækja lögreglurannsóknardeild og þar með að embættið hafi ekki með höndum rannsókn sakamála sem varða brot gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum).

Sú tilhöggun að embætti ríkislögreglustjóra hafi með höndum rannsókn þessara fátíðu en alvarlegu brota var eðlileg á þeim tíma þegar embættið var með virka rannsóknardeild sem rannsakaði efnahagsbrot og ákærendur störfuðu við embættið. Það er hins vegar liðin tíð og með stofnun embættis héraðssaksóknara er til staðar embætti sem hefur rannsóknarumboð á landsvísu og telur ríkissaksóknari rétt að rannsókn nefndra brota fari fram hjá því embætti.

Ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins, sbr. b-liður 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga, hljóði því svo eftir breytingu: að starfrækja greiningardeild sem hefur það hlutverk að koma í veg fyrir landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Deildin hefur jafnframt það hlutverk að leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri brotastarfsemi auk þess að sinna upplýsingaöflun og greiningum í þágu afbrotavarna á landsvísu, m.a. með rekstri miðlægs gagnagrunns.


Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

Póstfang:
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Sími:
444-2900
Netfang: saksoknari@saksoknari.is

Bréfsími:
444-2906

Kennitala:
530175-0229